
Félagsstarf Sjálfstæðisflokksins

Síðustu héraðsmót Sjálfstæðisflokksins um næstu helgi í Stapa og Vestmannaeyjum.


Oddur


Steinþór


Helgi


Sigurður

Um næstu helgi verða haldin tvö héraðsmót Sjálfstæðisflokksins, hin síðustu á þessu sumri, á eftirtöldum stöðum:

Stapa, Njarðvíkum:
föstudaginn 12. september kl. 12. Ávörp flytja Oddur Ólafsson, alþingismaður og Helgi Hólm, kennari.

Vestmannaeyjum:
laugardaginn 13. september kl. 21. Ávörp flytja Steinþór Gestsson, alþingismaður og Sigurður Jónsson, bæjarfulltrúi.

Fjölbreytt skemmtiatriði annast hljómsveit Ólafs Gauks, ásamt Magnúsi Jónssyni, óperusöngvara, Svanhildi, Jörundi og Hrafni Pálssyni. Hljómsveitina skipa Ólafur Gaukur, Svanhildur, Ágúst Atlason, Benedikt Pálsson og Carl Möller.

Að loknu hvoru héraðsmóti verður haldinn dansleikur, þar sem hljómsveit Ólafs Gauks leikur fyrir dansi.

Víkingur — Badmintondeild

Umsóknir um æfingatíma óskast lagðar fram í félagsheimilinu laugardaginn 13. september kl. 13—16:

Stjórnin.

Frystihólf

Leiga fyrir frystihólf óskast greidd sem fyrst og ekki síðar en 30. september nk. Annars leigð öðrum.

Sænsk-íslenzka frystihúsið.

1 x 2 — 1 x 2

3. leikvika — leikir 6. sept. 1975.
Vinningsröð: X X X — 1 1 1 — 1 1 1 — 1 1 2
1. VINNINGUR: 12 réttir — kr. 260.000.00
36676
2. VINNINGUR: 11 réttir — kr. 5.000.00

144	4455+	8959	35543	36422	37227
1362	4510	35078	35754	36599	37503
3978	4517	35124	36097+	37012	37579
4020+	8772+	35489+	36286+		+ nafnlaus

Kærufrestur er til 29. sept. kl. 12 á hádegi. Kærur skulu vera skriflegar. Kærueyðublöð fást hjá umboðsmönnum og aðalskrifstofunni. Vinningsupphæðir geta lækkað, ef kærur verða teknar til greina. Vinningar fyrir 3. leikviku verða póstlagðir eftir 30. sept.
Handhafar nafnlausra seðla verða að framvísa stofni eða senda stofninn og fullar upplýsingar um nafn og heimilisfang til Getrauna fyrir greiðsludag vinninga.

GETRAUNIR — ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN — REYKJAVÍK

Amin lítur á þyrlur í Ítalíuferð

Milano, 9. september.
AP — Reuter.

IDI AMIN forseti Uganda skoðaði í dag verksmiðjur ítalsks þyrluframleiðanda, Corrado Agusta greifa, skammt frá Milano í dag. Starfsmenn verksmiðjanna vilja ekki staðfesta fréttir um að Amin ætli að kaupa þyrlur frá þeim.

Amin kom til Ítalíu í gær og ræðir við Giovanni Leone forseta í kvöld, en á morgun gengur hann á fund Páls páfa. Ítalir eru ein fárra vestrænna þjóða sem enn reka fyrirtæki í Uganda.

Aukin samvinna Ítalíu og Uganda í efnahagsmálum verður líklega helzta umræðuefni Amins forseta og ítalskra ráðamanna.

— Ljós

Framhald af bls. 14

við myndir eins og „Fjallsárjökull í Öræfasveit“ (32) og „Flateyri“ (33) eða „Úr Bláfjöllum“ (40) og „Yfir Mýrdal“ (41). Þessar myndir eru allar hreinar og tærar og lausar við alla fegrun. Af myndum frá Grænlandi tók ég sérstaklega eftir nr. 43 „Ungviði Grænlands“ (Kap Dan), „Bóndi frá Eiríksfirði“ (44), „Trommudansarinn“ (47) og „Stúlkur frá Kap Dan“ (49). Vel teknar og sannverðugar myndir.

Dugnaður og framtakssemi þremenninganna er lofsverður og verðskuldar alla athygli og væntanllega verður framhald á framtakinu.

Bragi Ásgeirsson.

NOTIÐ EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST KVIKMYNDATÖKU OG SÝNINGARTÆKI Á ÞESSU ÓTRÚLEGA LÁGA VERÐI. — FYRSTA SENDING SELDIST STRAX UPP. NÆSTA SENDING TIL AFGREIÐSLU EFTIR TVÆR VIKUR. —
SENDIÐ PÖNTUN ÁSAMT GREIÐSLU EÐA SKRIFIÐ EFTIR MYNDALISTA.

Muplex MR3

Kvikmyndatökuvél í kassa

á aðeins kr. **7.790-**
+ póstsendingargjald kr. 70.-



er kvikmyndatökuvél með frábærum myndatökugæðum, hljóðlát og auðveld í meðförum, létt og stöðug í hendi.

- Bjart sjónauga xo, 5
- Rafmótor með 4, 1,5 v. rafhlöðum
- Rafhlöðurnar endast í töku á 10 filmum
- Hraði 18 m á sek.
- Sjálfvirkur filmulengdarteljari
- Taska fylgir með myndavélinni
- Leiðarvísir á íslenzku fylgir

Gjörið svo vel og senda undirrituðum MUPLEX mr3 Kvikmyndatökuvél í kassa
Nafn:
Heimili:
kr. 7.790.- + kr. 70.-
☐ Hjálagt í ávísun. ☐ Greitt inn á Giró 50505

Póstkaup
BRAUTARHOLTI 20 Reykjavík.

Muplex pr3

Kvikmyndasýningavél

á aðeins kr. **16.980-**
+ póstsendingargjald kr. 120.-



- Leiðarvísir á íslenzku fylgir

MUPLEX pr3 er einstaklega handhæg og traust sýningavél og auðveld í allri notkun.

- Tekur 8 mm og 8 mm super filmur
- Linsa f 19 F 1:2
- Halogen lampi 6 v 20 w
- 220 v rafdrif
- Sjálfþræðing
- Tekur 60 m spólur

Gjörið svo vel og senda undir - rituðum MUPLEX pr3 sýningavél.
Nafn:
Heimili:
Kr. 16.980.-+ 120.-: Kr. 17.100.-
☐ Hjálagt í ávísun. ☐ Greitt inn á Giró 50505

Póstkaup
BRAUTARHOLTI 20 Reykjavík.

mupi S4

MYNDAVÉL

á aðeins kr. **1.540-**
+ póstburðargjald kr. 70.-



MUPI S4

Traust og þægileg myndavél, einföld í notkun og gefur góðar og skírar myndir.

- Tekur venjulega 126 gerð af filmuhylkjum
- Kassi úr léttu og sterku plasti.
- Takki varnar endurtöku ofan í tekna mynd.
- Stillingar eru skírðar með myndtáknum.
- Númer" sýnir fjölda tekinna mynda.
- Myndavélin tekur ekki flashkubb
- Stærð 105x70x55 mm.

Gjörið svo vel og senda undirrituðum
MUPI S4 myndavél
Nafn:
Heimili:
Kr. 1.610.-
☐ Hjálagt í ávísun. ☐ Greitt inn á Giró 50505

Póstkaup
RAUTARHOLTI 20 REYKJAVÍK

Einkaritaraskólinn

Skrifstofuþjálfun fyrir karla jafnt sem konur

Almenn skrifstofustörf — skrifstofutækni — verzlunarreikningur


Tvö námskeið, tólf vikur hvort, 22. sept. — 12. des. og 12. jan. — 2. apríl. Þrjár kennslustundir á dag má. mi. og fö. tvær kennslustundir á dag þr. og fi. Kennsla fer fram á ensku og íslenzku. Yfirkennari er til viðtals kl. 4—7 e.h.

Mímir
Brautarholti 4 — sími 11109
(kl. 1—7 e.h.)

HÓTEL

Sparið fé og fyrirhöfn VIÐ TÖKUM af ykkur ómakið

Um leið og þið pantið gistingu hjá Hótel Hofi látið þið okkur vita um óskir ykkar varðandi dvölina í Reykjavík og við útvegum m.a. **bílaleigubíla** með hagkvæmum kjörum, aðgöngumiða í **leikhús** eða að **sýningum**, borð í **veitingahúsum** og ýmislegt annað.
Hótelið er lítið og notalegt og því á starfsfólk okkar auðvelt með að sinna óskum ykkar — og svo eruð þið mjög vel sett gagnvart strætisvagnaferðum (rétt við Hlemm).
Kynnið ykkur okkar **hagstæða vetrarverð.**
Sérstakur afsláttur fyrir **hópa** og **langdvalargesti.**



HÓTEL HOF



Rauðarárstíg 18
☎ 2-88-66

